

## 2007 nr. 100 11. maí

### Lög um almannatryggingar

**Upphaflega l. 117/1993. Tóku gildi 1. janúar 1994.** *Breytt með:* L. 148/1994 (tóku gildi 1. jan. 1995). L. 129/1995 (tóku gildi 19. des. 1995). L. 144/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.). L. 95/1996 (tóku gildi 25. júní 1996). L. 100/1996 (tóku gildi 25. júní 1996). L. 153/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997). L. 51/1997 (tóku gildi 29. maí 1997). L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997). L. 123/1997 (tóku gildi 1. jan. 1998). L. 130/1997 (tóku gildi 1. jan. 1998 nema 12. gr. sem tók gildi 30. des. 1997). L. 147/1997 (tóku gildi 30. des. 1997). L. 148/1997 (tóku gildi 30. des. 1997). L. 41/1998 (tóku gildi 27. maí 1998). L. 59/1998 (tóku gildi 1. júlí 1999 nema b-liður 3. gr. sem tók gildi 18. júní 1998). L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998). L. 149/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999). L. 60/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999). L. 62/1999 (tóku gildi 1. sept. 1999). L. 61/2000 (tóku gildi 26. maí 2000). L. 95/2000 (tóku gildi 1. janúar 2001; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 36. gr.). L. 108/2000 (tóku gildi 6. júní 2000; áskilnaður skv. 22. gr. kom þó til framkvæmda skv. 33. gr.; *EES-samningurinn:* II. viðauki tilskipun 65/65/EBE, 75/319/EBE og 89/105/EBE, I. og II. viðauki tilskipun 92/25/EBE, II. viðauki tilskipun 92/28/EBE og I. viðauki tilskipun 93/41/EBE). L. 111/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001). L. 3/2001 (tóku gildi 1. febr. 2001). L. 9/2001 (tóku gildi 1. apríl 2001). L. 93/2001 (tóku gildi 1. júlí 2001). L. 154/2001 (tóku gildi 31. des. 2001). L. 74/2002 (tóku gildi 17. maí 2002; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 36. gr.). L. 76/2002 (tóku gildi 17. maí 2002). L. 149/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003). L. 76/2003 (tóku gildi 1. nóv. 2003). L. 89/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003). L. 130/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004). L. 78/2004 (tóku gildi 18. júní 2004). L. 83/2004 (tóku gildi 18. júní 2004). L. 91/2004 (tóku gildi 2. júlí 2004). L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005). L. 53/2005 (tóku gildi 30. maí 2005). L. 65/2006 (tóku gildi 27. júní 2006). L. 82/2006 (tóku gildi 30. júní 2006). L. 166/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007). L. 40/2007 (tóku gildi 1. sept. 2007). **Endurútféfin, sbr. l. 166/2006, 19. gr., sem l. 100/2007. Tóku gildi 30. maí 2007.** *Breytt með:* L. 105/2007 (tóku gildi 1. júlí 2007). L. 160/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008). L. 17/2008 (tóku gildi 1. apríl 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 11. gr.). L. 57/2008 (tóku gildi 10. júní 2008). L. 112/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008 nema 12. tölul. 59. gr. sem tók gildi 25. sept. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. mgr. 56. gr.). L. 155/2008 (tóku gildi 31. des. 2008). L. 173/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr.). L. 55/2009 (tóku gildi 1. maí 2009). L. 70/2009 (tóku gildi 30. júní 2009 nema 1.–3. gr., 12.–26. gr. og brbákv. V og VI sem tóku gildi 1. júlí 2009, 4. gr. sem tók gildi 1. sept. 2009 og brbákv. IV sem tók gildi 16. júní 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr., sbr. og l. 97/2009 (tóku gildi 3. sept. 2009)). L. 120/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010). L. 136/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010). L. 65/2010 (tóku gildi 27. júní 2010). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 164/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011 nema 2., 6., 22. og 26. gr. sem tóku gildi 31. des. 2010; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr.). L. 51/2011 (tóku gildi 27. maí 2011). L. 106/2011 (tóku gildi 13. sept. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 178/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012). L. 28/2012 (tóku gildi 1. júní 2012). L. 134/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013). L. 86/2013 (tóku gildi 16. júlí 2013; komu til framkvæmda frá 1. júlí 2013). L. 107/2013 (tóku gildi 28. sept. 2013; komu til framkvæmda frá 1. júlí 2013). L. 140/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 4.–12., 16.–18., 23.–29., 31.–32., 34.–38. og 40.–48. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014 og 21. gr. sem tók gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.). L. 8/2014 (tóku gildi 1. febr. 2014). L. 125/2014 (tóku gildi 31. des. 2014 nema 6., 8., 13.–18., 21.–25. og 29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.). L. 137/2014 (tóku gildi 31. des. 2014). L. 88/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016). L. 125/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema 2., 4.–5., 8., 24., 31., 37., 45., 48.–52., 54.–55. og 57.–58. gr. sem tóku gildi 31. des. 2015 og a–d-liður 1. gr., 6.–7., 13. og 15. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.). L. 130/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016). L. 107/2016 (tóku gildi 22. okt. 2016). L. 116/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 2. máls. 2. efnismgr. 2. gr., 4. efnismgr. 2. gr. og 4. efnismgr. 6. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2018). L. 126/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 1., 2., c-liður 8., 9., 18., r-liður 19., 20., 22.–24., 28., 29., 41., 58., 60. og 61. gr. sem tóku gildi 31. des. 2016, s-liður 19. gr. sem tók gildi 1. apríl 2017 og 10. gr. sem tók gildi 1. sept. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 62. gr.). L. 9/2017 (tóku gildi 1. mars 2017). L. 96/2017 (tóku gildi 31. des. 2017 nema 1., 11., 13., 14., 17.–27., 31.–35. og 38.–46. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2018; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.). L. 80/2018 (tóku gildi 1. jan. 2019 nema 3. mgr. 2. gr. og 7. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2020 og brbákv. I sem tók gildi 28. júní 2018). L. 90/2018 (tóku gildi 15. júlí 2018; *EES-samningurinn:* XI. viðauki reglugerð 2016/679). L. 127/2018 (tóku gildi 28. des. 2018). L. 138/2018 (tóku gildi 28. des. 2018 nema 1.–13., 17., 19., 23.–28. og 31. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2019; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 32. gr.). L. 48/2019 (tóku gildi 26. júní 2019). L. 71/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 97/2019 (tóku gildi 16. júlí 2019 nema d-liður 1. gr. og 2. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2019; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 3. gr.). L. 135/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020 nema 16. gr. sem tók gildi 24. des. 2019; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 42. gr.). L. 140/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020 nema 2. máls. 3. mgr. 11. gr. sem tók gildi 1. maí 2021, 2. mgr. 12. gr. sem tók gildi 1. júní 2022, 4. mgr. 12. gr. sem tók gildi 1. jan. 2021 og 14. gr. sem tók gildi 1. jan. 2022). L. 25/2020 (tóku gildi 1. apríl 2020). L. 37/2020 (tóku gildi 23. maí 2020). L. 75/2020 (tóku gildi 1. sept. 2020). L. 127/2020 (tóku gildi 11. des. 2020 nema 1. gr. sem tók gildi 1. jan. 2021). L. 133/2020 (tóku gildi 1. jan. 2021 nema 37. og 38. gr. sem tóku gildi 17. des. 2020; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 40. gr.). L. 49/2021 (tóku gildi 8. júní 2021). L. 107/2021 (tóku gildi 1. jan. 2022; komu til framkvæmda skv.

fyrirmælum í 43. gr.). L. 108/2021 (tóku gildi 1. jan. 2022). L. 131/2021 (tóku gildi 1. jan. 2022 nema d-liður 20. gr. sem tók gildi 31. des. 2021; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 61. gr.). L. 27/2022 (tóku gildi 26. maí 2022). L. 55/2022 (tóku gildi 1. jan. 2023). L. 122/2022 (tóku gildi 31. des. 2022). L. 123/2022 (tóku gildi 1. jan. 2023). L. 129/2022 (tóku gildi 1. jan. 2023 nema a-liður 31. gr. sem tekur gildi 1. mars 2023 og 37. og 60. gr. sem tóku gildi 31. des. 2022; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 68. gr., sbr. einnig brbákv. í s.l.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og vinnumarkaðsráðherra** eða **félags- og vinnumarkaðsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### [I. kafli. Markmið, skilgreiningar og gildissvið.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 1. gr.

##### ■ [1. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að tryggja þeim sem lögin taka til og þess þurfa bætur og aðrar greiðslur vegna elli, örorku og framfærslu barna, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

□ Með bótum og greiðslum skv. 1. mgr., ásamt þjónustu og aðstoð sem kveðið er á um í öðrum lögum, skal stuðlað að því að þeir sem lögin taka til geti framfleytt sér og lifað sjálfstæðu lífi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 1. gr.

##### ■ [2. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Lífeyrisþegi:* Einstaklingur sem fær greiddan lífeyri sem hann hefur sjálfur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

2. *Greiðsluþegi:* Einstaklingur sem fær greiðslur samkvæmt lögum þessum.

3. *Bætur:* Bætur greiddar í peningum og aðstoð sem veitt er á annan hátt.

4. *Tekjutengdar bætur:* Bætur þar sem tekjur hafa áhrif á fjárhæð greiðslna.

5. *Búseta:* Lögheimili í skilningi laga um lögheimili [og aðsetur]<sup>1)</sup> nema sérstakar ástæður leiði til annars.

6. *Hjón:* Einstaklingar í hjúskap samkvæmt hjúskaparlögum.

7. *Óvígð sambúð:* Sambúð tveggja einstaklinga, sem skráð er í þjóðskrá, enda eigi þeir barn saman, eigi von á barni saman eða hafi verið í sambúð samfleytt lengur en eitt ár.

8. *Tekjur:* Tekjur skv. II. kafla laga um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað telst ekki til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum; einnig sams konar tekjur sem aflað er erlendis og ekki eru taldar fram hér á landi.

9. *Atvinnutekjur:* Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu skv. 1. tölul. A-liðar og B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt sem og greiðslur sem koma í stað slíks endurgjalds.

10. *[Greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyris-sjóðum:* Greiðslur sem byggjast á iðgjaldi skv. 1. mgr. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.]<sup>2)</sup>

11. *Fjármagnstekjur:* Tekjur skv. C-lið 7. gr. laga um tekjuskatt.

[12. *Móðir:* Kona sem elur barn.]<sup>3)</sup>

[13. *Viðbótarlífeyrissparnaður:* Sparnaður sem takmarkast við 4% framlag réttthafa af iðgjaldsstofni og 2% móttframlag launagreiðanda af iðgjaldsstofni.

14. *Viðbótartryggingavernd:* Sú tryggingavernd sem er umfram þá lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður skil-

greinir og greitt er fyrir með greiðslu iðgjalds samkvæmt sérstökum samningi við þá aðila sem tilgreindir eru í 1.–3. tölul. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.]<sup>2)</sup><sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 80/2018, 20. gr. <sup>2)</sup> L. 55/2022, 11. gr. <sup>3)</sup> L. 49/2021, 19. gr. <sup>4)</sup> L. 88/2015, 1. gr.

■ **[3. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um lífeyrstryggingar almannatrygginga, ráðstofunarfé ... <sup>1)</sup> og fyrirframgreiðslu meðlaga og annarra framfærsluframlaga.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 130/2015, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2015, 1. gr.

■ **[4. gr. Tryggðir samkvæmt lögum.**

□ Sá sem búsettur er hér á landi, sbr. 5. tölul. 2. gr., telst tryggður að uppfylltum öðrum skilyrðum laga þessara nema annað leiði af milliríkjasamningum.

□ Tryggingavernd fellur niður þegar búseta er flutt frá Íslandi nema annað leiði af milliríkjasamningum eða ákvæðum þessa kafla.

□ Tryggingastofnun ákvarðar hvort einstaklingur telst tryggður hér á landi samkvæmt lögum þessum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 1. gr.

■ **[5. gr. Sérákvæði um tryggingavernd.**

□ Sá sem er tryggður samkvæmt lögum þessum telst áfram tryggður í allt að fimm ár þótt hann uppfylli ekki skilyrði 4. gr. meðan hann stundar viðurkennt nám erlendis, enda njóti hann ekki tryggingaverndar í almannatryggingum námslandsins. Sama gildir um maka námsmanns sem var tryggður hér á landi við upphaf námsins og börn undir 18 ára aldri sem með honum dveljast.

□ Heimilt er að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem er tryggður samkvæmt lögum þessum sé áfram tryggður í allt að eitt ár frá brottför af landinu þótt hann uppfylli ekki skilyrði 4. gr., enda leiði milliríkjasamningar ekki til annars. Skilyrði þessa er að viðkomandi hafi haft samfellda fasta búsetu hér á landi eigi skemur en fimm ár fyrir brottför og að tilgangur farar sé ekki að leita lækni meðferðar.

□ Heimilt er að ákveða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem er tryggður samkvæmt lögum þessum sé áfram tryggður í allt að fimm ár þótt hann uppfylli ekki skilyrði 4. gr., enda starfi viðkomandi erlendis fyrir aðila sem hefur aðsetur og starfsemi á Íslandi og tryggingagjald, sbr. lög um tryggingagjald, sé greitt hér á landi af launum hans. Sama gildir um maka hans og börn undir 18 ára aldri sem voru tryggð hér á landi og fara með honum til dvalar erlendis.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 1. gr.

■ **[6. gr. Dánarbú.**

□ Ákvæði þessara laga gilda um dánarbú eftir því sem við á.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 1. gr.

■ **[7. gr. Reglugerðir.**

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir<sup>1)</sup> um einstök ákvæði þessa kafla, m.a. um skráningu tryggingaréttinda, tryggingavernd, hvað teljast skuli viðurkennt nám og um tímabundna dvöl erlendis.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 463/1999, sbr. 1158/2007, <sup>2)</sup> L. 88/2015, 1. gr.

**[II. kafli. Stjórnsýsla.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 2. gr.

■ **[8. gr. Yfirstjórn.**

□ Ráðherra fer með yfirstjórn lífeyristrygginga og annarra málefna sem kveðið er á um í lögum þessum og markar

stefnu innan ramma laganna. Ráðherra fer jafnframt með yfirstjórn Tryggingastofnunar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 2. gr.

■ **[9. gr. Hlutverk Tryggingastofnunar.**

□ Tryggingastofnun annast framkvæmd lífeyristrygginga almannatrygginga og annarra málefna sem kveðið er á um í lögum þessum. Þá skal stofnunin sinna þeim verkefnum sem henni eru falin með öðrum lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.

□ Tryggingastofnun skal einnig annast aðra stjórnsýslu lífeyristrygginga, m.a. að:

a. vera ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar og upplýsingar um mál sem heyra undir stofnunina,

b. veita almenningi þjónustu og ráðgjöf um réttindi og skyldur samkvæmt þeim lögum sem stofnunin starfar eftir,

c. kynna almenningi réttindi sín með upplýsingastarfsemi,

d. birta upplýsingar um starfsemina með reglubundnum hætti,

e. gera árlega starfs- og fjárhagsáætlun,

f. gera árlega áætlun um bótgreiðslur hvers árs.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 2. gr.

■ **[10. gr. Rekstur Tryggingastofnunar.**

□ Kostnaður af rekstri Tryggingastofnunar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

□ Reikningar Tryggingastofnunar fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 2. gr.

■ **[11. gr. Stjórn.**

□ Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Tryggingastofnunar og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skipaðir skulu jafnmargir menn til vara.

□ Stjórn Tryggingastofnunar staðfestir skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og markar stofnuninni langtímaþefnu. Skal stjórnin hafa eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar og að rekstur hennar sé í samræmi við stefnuna og innan ramma fjárlaga á hverjum tíma.

□ Formaður stjórnar skal reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi stofnunarinnar, sbr. 2. mgr. Þá skal formaður stjórnar einnig gera ráðherra viðvart ef starfsemi, þjónusta eða rekstur stofnunarinnar er ekki í samræmi við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli.

□ Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Forstjóri situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

□ Ráðherra setur stjórninni starfsreglur<sup>1)</sup> og ákveður þóknun til stjórnarmanna sem skal greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rgl. 880/2004. <sup>2)</sup> L. 88/2015, 2. gr.

■ **[12. gr. Forstjóri.**

□ Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri skal hafa lokið námi á háskólastigi og búa yfir reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist í starfi ásamt því að hafa þekkingu á sviði velferðarmála.

□ Ráðherra setur forstjóra erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunarinnar og verkefni hennar bæði til lengri og skemmri tíma litid. Í erindisbréfi skal enn fremur kveðið á um samskipti forstjóra og stjórnar stofnunarinnar.

□ Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar og að hún starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 2. mgr. Forstjóri skal sjá til þess að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 2. gr.

■ [13. gr. *Stjórnsýslukætur*.

□ Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða fjárhæð bóta eða greiðslna samkvæmt lögum þessum kveður úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála, upp úrskurð í málinu. Sama gildir um ágreining um endurkröfur, ofgreiðslur og innheimtu þeirra, sbr. 55. gr.

□ Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Hjá Tryggingastofnun og þjónustustöðvum hennar skulu liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og skulu starfsmenn stofnunarinnar veita nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

□ Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar en stjórnsýslukæra frestar þó aðför á grundvelli ákvörðunar Tryggingastofnunar um endurkröfu ofgreiddra bóta, sbr. 55. gr.

□ Úrskurðir úrskurðarnefndar velferðarmála um endurkröfur ofgreiðslna skv. 1. mgr. eru aðfararhæfir.

□ Að kröfu málsaðila getur nefndin ákveðið að fresta réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en tíu dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að málsaðili beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestunaráhrifa úrskurðar og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga. Sé mál höfðað vegna úrskurðar nefndarinnar er henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem eru til meðferðar hjá henni, þar til dómur gengur í málinu.

□ Tryggingastofnun getur höfðað dómsmál til að fá hnekk úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 2. gr.

■ [14. gr. *Reglugerðir*.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um einstök ákvæði þessa kafla, m.a. um framkvæmd almannatrygginga, starfsemi Tryggingastofnunar og hlutverk hennar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 2. gr.

■ 15. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 2. gr.

III. kafli. *Lífeyristryggingar*.

A. *Almenn ákvæði*.

■ 16. gr.

□ Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, aldurstengdrar örorkuuppbótar, tekjutryggingar, örorkustyrks og barnalífeyris.

□ Til tekna skv. III. kafla laga þessara teljast tekjur skv. II. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skal eftirfarandi gilda við ákvörðun tekjugrundvallar:

a. [Tekjur umfram 90.000 kr. á ári skv. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu [teljast til tekna]<sup>1)</sup> við útreikning á . . .<sup>2)</sup> örorkulífeyri, örorkustyrk, [aldurstengdri örorkuuppbót]<sup>3)</sup> og tekjutryggingu skv. [18.–19. gr.]<sup>2)</sup> og [21.–22.

gr.]<sup>3)</sup> þessara laga.]<sup>4)</sup> Ef um hjón er að ræða skiptast tekjur skv. 1. málsl. til helminga milli hjóna við útreikning bótanna. Skiptir ekki máli hvort hjónanna er eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign er að ræða.

b. [Tekjur lífeyrisþega af atvinnu skulu hafa áhrif við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar skv. 22. gr., sbr. þó 4. mgr. [. . .<sup>2)</sup> Örorkulífeyrisþegi skal hafa 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar.]<sup>3)</sup><sup>4)</sup>

c. [Við útreikning á fjárhæð bóta skv. III. kafla laga þessara og [ráðstöfunarfjár]<sup>5)</sup> skv. 48. gr. skal ekki reikna með tekjum maka, sbr. þó a-lið þessarar málsgreinar.]<sup>4)</sup>

d. . . .<sup>4)</sup>

□ [Þegar um er að ræða [örorkulífeyri skv. 18. gr.]<sup>6)</sup> teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bæt看 samkvæmt lögum þessum, [lögum um slysatryggingar almannatrygginga]<sup>5)</sup> og lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, [viðbótarlífeyrissparnaði]<sup>7)</sup> og viðbótartryggingavernd samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama á við um sambærilegar bæt看 frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 68. gr.]<sup>8)</sup>

□ [Þegar um er að ræða [ellilífeyri skv. 17. gr., tekjutryggingu skv. 22. gr. og ráðstöfunarfé skv. 48. og 56. gr.]<sup>6)</sup> teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bæt看 samkvæmt lögum þessum, [lögum um slysatryggingar almannatrygginga]<sup>5)</sup> og lögum um félagslega aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga [og greiðslur úr viðbótarlífeyrissparnaði].<sup>7)</sup> Sama á við um sambærilegar bæt看 frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 68. gr.]<sup>8)</sup>

□ Til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skal leggja  $\frac{1}{12}$  af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Bótagreiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá þeim aðilum sem getið er um í [39. og 40. gr.]<sup>9)</sup> Ef um nýja umsókn um bæt看 er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá þeim aðilum sem getið er um í [39. og 40. gr.]<sup>9)</sup> og bótaréttur reiknaður út frá þeim tekjum umsækjanda og eftir atvikum maka hans sem aflað er frá þeim tíma sem bótaréttur stofnaðist.

□ Tryggingastofnun ríkisins skal hafa eftirlit með því að áætlaðar tekjur séu í samræmi við upplýsingar sem stofnunin aflar úr staðgreiðsluskrá skattfirvalda eða frá öðrum þeim aðilum sem getið er um í [40. gr.]<sup>9)</sup>

□ Eftir að endanlegar upplýsingar um tekjur bótagreiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna bótafjárhæðir á grundvelli tekna samkvæmt þessari grein. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem ætlaðar tekjur tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða.

□ Komi í ljós við endurreikning bóta að bæt看 hafa verið vangreiddar eða ofgreiddar fer um það skv. 55. gr.

□ Tryggingastofnun ríkisins skal upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur og þagnarskyldu starfsmanna Tryggingastofnunar fer skv. [39., 40. og 46. gr.]<sup>9)</sup>

□ Við útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar, sbr. 18. og 22. gr., er ráðherra heimilt að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

□ [Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, að ósk lífeyrisþega, að dreifa eigin tekjum lífeyrisþegans sem stafa af fjármagnstekjum sem leystar hafa verið út í einu lagi á allt að 10 ár. Ekki er heimilt að dreifa slíkum tekjum oftari en einu sinni á hverju tímabili.]<sup>4)</sup>

□ [Prátt fyrir ákvæði 5. mgr. er við útreikning á greiðslum skv. 17.–19. gr. og 21.–23. gr. laga þessara, sbr. einnig 13. gr. laga um félagslega aðstoð, heimilt að telja atvinnutekjur til tekna bótaþega einungis í þeim mánuði þegar þeirra er aflað. Skal Tryggingastofnun ríkisins við endurreikning bótafjárhæða, sbr. 7. mgr., gera samanburð á útreikningi heildargreiðslna hvers mánaðar, annars vegar miðað við  $\frac{1}{12}$  af atvinnutekjum ársins og hins vegar miðað við atvinnutekjur í þeim mánuðum sem þeirra er aflað. Beita skal þeirri reglu sem leiðir til hærri greiðslna.]<sup>10)</sup>

□ Heimilt er að setja reglugerð<sup>11)</sup> um nánari framkvæmd þessarar greinar.

<sup>1)</sup> L. 173/2008, 14. gr. <sup>2)</sup> L. 116/2016, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 70/2009, 12. gr. <sup>4)</sup> L. 17/2008, 1. gr. <sup>5)</sup> L. 88/2015, 3. gr. <sup>6)</sup> L. 9/2017, 1. gr., sbr. og 3. gr. s.l. <sup>7)</sup> L. 55/2022, 12. gr. <sup>8)</sup> L. 86/2013, 1. gr. <sup>9)</sup> L. 8/2014, 1. gr. <sup>10)</sup> L. 97/2019, 2. gr. <sup>11)</sup> Rg. 463/1999. Rg. 598/2009, sbr. 1056/2009, 1118/2013 og 1128/2019. Rg. 661/2010.

#### B. Bætur.

##### ■ 17. gr. Ellilífeyrir.

□ [Rétt til ellilífeyris öðlast þeir sem náð hafa 67 ára aldri og hafa verið búsettir hér á landi, sbr. I. kafla, a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Full réttindi ávinnast með búsetu hér á landi í a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Sé um skemmri tíma að ræða reiknast réttur til ellilífeyris í hlutfalli við búsetutímann. Heimilt er þó að miða lífeyri hjóna, sem bæði fá ellilífeyri, við búsetutíma þess sem á lengri réttindatíma.

□ Heimilt er að fresta töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun lífeyrisins, sbr. [3. mgr.]<sup>1)</sup> 23. gr. Heimildin er bundin því skilyrði að viðkomandi hafi ekki fengið greiddan ellilífeyri frá almannatryggingum eða skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, sbr. þó 4. mgr. Umsækjanda skal þó vera heimilt að draga umsókn sína til baka innan 30 daga frá afgreiðslu umsóknar án þess að það hafi áhrif á rétt til hækkunar lífeyris. Hafi greiðsla lífeyris átt sér stað er full endurgreiðsla forsenda afturköllunar.

□ Heimilt er að hefja töku ellilífeyris frá 65 ára aldri gegn varanlegri lækkun lífeyrisins, sbr. [4. mgr.]<sup>1)</sup> 23. gr. [Heimild þessi er bundin því skilyrði að samþykkt hafi verið umsókn um greiðslu lífeyris samkvæmt áunnum réttindum hjá öllum skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum.]<sup>1)</sup>

□ Heimilt er að greiða hálfan áunninn ellilífeyri samkvæmt lögum þessum frá 65 ára aldri til þeirra sem eiga rétt á ellilífeyri frá skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum og hafa fengið samþykki viðkomandi sjóða til að taka hálfan lífeyri hjá þeim og fresta töku lífeyris að hálfu. [Skilyrði um samþykki viðkomandi sjóða á þó einungis við um þá lífeyrissjóði sem heimila greiðslu lífeyris að hluta. Heimild þessi er enn fremur bundin því skilyrði að umsækjandi sé enn á vinnumarkaði en þó ekki í meira en hálfu starfi.]<sup>1)</sup>

□ ...<sup>1)</sup>

□ Ákvæði [1.–4. mgr.]<sup>1)</sup> eiga einnig við um heimilisuppbót samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>2)</sup> um einstök atriði er varða framkvæmd þessarar greinar, m.a. um réttindaávinnslu og búsetutíma og sveigjanlega töku ellilífeyris.]<sup>3)</sup>

□ Hver, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár

sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

□ Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þílfarsbáti undir 12 brl. eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.

<sup>1)</sup> L. 75/2020, 1. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1195/2017, sbr. 1239/2019, 843/2020, 1648/2021 og 619/2022. <sup>3)</sup> L. 116/2016, 2. gr.

##### ■ 18. gr. Örorkulífeyrir.

□ Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi, [sbr. I. kafla],<sup>1)</sup> [eru 18 ára eða eldri en hafa ekki náð ellilífeyrisaldri, sbr. 17. gr.]<sup>2)</sup> og:

a. hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér búsetu,

b. eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.

□ Tryggingastofnun ríkisins metur örorku þeirra sem sækja um örorkulífeyri samkvæmt sérstöku örorkustaðli. Ráðherra setur reglugerð<sup>3)</sup> um örorkustaðalinn að fengnum tilögum Tryggingastofnunar ríkisins. Heimilt er að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu áður en til örorkumats kemur, sbr. 7. gr. laga um félagslega aðstoð.

□ Tryggingastofnun er heimilt að semja um kostnað ...<sup>4)</sup> vegna mats á möguleikum til endurhæfingar.

□ [Fullur örorkulífeyrir skal vera 478.344 kr. á ári. Við ákvörðun búsetutíma, sbr. 1. mgr. 17. gr., skal reikna með tímann fram til ellilífeyrisaldurs umsækjanda, sbr. 17. gr.]<sup>2)</sup>

□ [Örorkulífeyri skal skerða ef tekjur örorkulífeyrisþega skv. 2. og 3. mgr. 16. gr. eru hærri en 2.095.501 kr. á ári og um framkvæmd fer skv. 16. gr.]<sup>5)</sup> Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða örorkulífeyri um [9%]<sup>6)</sup> þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður.

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 116/2016, 3. gr. <sup>3)</sup> Rg. 379/1999. <sup>4)</sup> L. 112/2008, 57. gr. <sup>5)</sup> L. 17/2008, 3. gr. <sup>6)</sup> L. 123/2022, 1. gr.

##### ■ 19. gr. Örorkustyrkur.

□ Tryggingastofnun ríkisins skal veita einstaklingi á aldrinum 18–62 ára örorkustyrk að upphæð 18.184 kr. á mánuði ef örorka hans er metin a.m.k. 50% og hann uppfyllir búsetuskilyrði 1. mgr. 18. gr. Slíkan styrk skal enn fremur veita þeim sem uppfyllir skilyrði 1. másl. þessarar málsgreinar og stundar fullt starf ef örorkan hefur í för með sér verulegan aukakostnað. Örorkustyrkurinn skerðist eftir sömu reglum og örorkulífeyrir skv. 18. gr. og um tekjur og framkvæmd tekjuútreiknings fer skv. 16. gr.

□ Greiða skal einstaklingi sem náð hefur 62 ára aldri, uppfyllir búsetuskilyrði 1. mgr. 18. gr. og er metinn a.m.k. 50% öryrki örorkustyrk sem skal svara til fulls örorkulífeyris skv. 18. gr., þ.e. grunnlífeyris án bóta tengdra honum. Örorkustyrkurinn skerðist eftir sömu reglum og örorkulífeyrir skv. 18. gr. og um tekjur og framkvæmd tekjuútreiknings fer skv. 16. gr.

□ Greiða skal viðbót við örorkustyrk til þeirra sem hafa börn innan 18 ára á framfæri sínu. Viðbótin má ekki vera hærri en 75% af barnalífeyri, sbr. 20. gr., fyrir hvert barn á framfæri.

□ Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

■ **20. gr. Barnalífeyrir.**

□ Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft búið hér á landi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir. [Ákvæði laga þessara um lækun bóta vegna tekna hafa ekki áhrif á rétt til greiðslu barnalífeyris.]<sup>1)</sup>

□ Sömu réttarstöðu hafa stjúpbörn og kjörbörn þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúppforeldris ef barnið á framfærsluskylt foreldri á lífi.

□ Tryggingastofnun ríkisins getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega, svo og með barni manns sem sætir gæsluvist eða aflánar fangelsi, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjú mánuði.

□ Tryggingastofnun ríkisins skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað [eða móður nýtur ekki við vegna sérstakra eða óvenjulegra aðstæðna].<sup>2)</sup>

□ Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum er annast framfærslu þeirra að fullu, sbr. þó 4. mgr. 64. gr.

□ Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera 219.408 kr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 116/2016, 4. gr.<sup>2)</sup> L. 107/2016, 1. gr.

■ **[20. gr. a. Barnalífeyrir vegna sérstakra útgjalda.**

□ Tryggingastofnun ríkisins getur ákveðið sérstakt framlag vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

□ Framlag skv. 1. mgr. er einungis heimilt að greiða vegna barna sem greiddur er barnalífeyrir með skv. 20. gr. og annað hvort foreldra er látið, barn ófeðrað eða móður nýtur ekki við vegna sérstakra eða óvenjulegra aðstæðna.

□ Framlag skv. 1. mgr. verður aðeins ákveðið ef sýslumaður hefur úrskurðað um slíkt framlag samkvæmt beiðni sem honum skal send innan þriggja mánaða frá því að svara varð til útgjalda nema eðlileg ástæða hafi verið til að biða með slíka kröfu.

□ Um viðmiðunarfrjárhæðir vegna krafna um sérstök framlög gilda sömu reglur og um úrskurði vegna sérstakra útgjalda skv. 60. gr. barnalaga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 127/2018, 1. gr.

■ **21. gr. Aldurstengd örorkuuppþót.**

□ Aldurstengd örorkuuppþót greiðist þeim sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 18. gr. . . .<sup>1)</sup> Aldurstengd örorkuuppþót greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. [Um uppþótina gilda ákvæði 1. mgr., sbr. 2. mgr., 2. másl. 4. mgr. og 5. mgr. 18. gr. um búsetutíma, örorkumat og skerðingu vegna tekna.]<sup>2)</sup> Frjárhæð uppþótar, sbr. 2. mgr., miðast við þann aldur sem einstaklingur var í fyrsta sinn metinn 75% öryrki skv. 1. og 2. mgr. 18. gr. . . .<sup>1)</sup> eða uppfyllir skilyrði 7. gr. laga um félagslega aðstoð.

□ [Frjárhæð mánaðarlegrar aldurstengdrar örorkuuppþótar, sbr. 1. mgr., skal vera hlutfall af óskertum mánaðarlegum örorkulífeyri skv. 18. gr. og miðast við fæðingardag, sbr. eftirfarandi:

18 til og með 24 ára	100%
25 ára	95%
26 ára	90%
27 ára	85%
28 og 29 ára	75%
30 og 31 árs	65%
32 og 33 ára	55%
34 og 35 ára	45%
36 og 37 ára	35%
38 og 39 ára	25%
40 til og með 45 ára	15%
46 til og með 50 ára	10%
51 til og með 55 ára	7,5%
56 til og með 60 ára	5%
61 til og með 66 ára	2,5%] <sup>3)</sup>

□ Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.

<sup>1)</sup> L. 108/2021, 19. gr.<sup>2)</sup> L. 70/2009, 13. gr.<sup>3)</sup> L. 17/2008, 4. gr.

■ **22. gr. Tekjutrygging.**

□ Tryggingastofnun ríkisins skal greiða þeim tekjutryggingu sem fá greiddan . . .<sup>1)</sup> [örorkulífeyri samkvæmt lögum þessum].<sup>2)</sup> Tekjutrygging greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Rétt til tekjutryggingar eiga þeir sem hafa verið búsettir hér á landi, [sbr. I. kafla],<sup>3)</sup> sbr. . . .<sup>1)</sup> og 1. mgr. og 2. másl. 4. mgr. 18. gr. Um útreikning á tekjutryggingu gildir 16. gr. . . .<sup>1)</sup> og 4. mgr. 18. gr.

□ . . .<sup>1)</sup>

□ Greiða skal [örorku- eða endurhæfingarlífeyrisþega]<sup>2)</sup> tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að frjárhæð 956.088 kr. á ári. Hafi lífeyrisþegi tekjur skv. 2. og 4. mgr. 16. gr. skal skerða tekjutrygginguna um 38,35% þeirra tekna uns hún fellur niður. [Greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum undir 300.000 kr. á ári skulu þó ekki skerða tekjutryggingu samkvæmt þessari málsgrein.]<sup>4)</sup>

□ Samanlögð skerðing . . .<sup>1)</sup> [örorku- eða endurhæfingarlífeyris]<sup>2)</sup> og tekjutryggingar skal aldrei fara umfram 38,35% af tekjum. Komi samtímis til skerðingar þessara bóta skal lífeyrir fyrst skertur og samsvarandi dregið úr skerðingu tekjutryggingar. Ákvæði þessarar málsgreinar um skerðingu gilda ekki um heimilisuppþót skv. 8. gr. laga um félagslega aðstoð.

□ . . .<sup>4)</sup>

□ Nú sinnir maður ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Er þá heimilt að áætla honum tekjur sem koma til frádráttar greiðslu tekjutryggingar.

□ Heimilt er að setja reglugerð<sup>5)</sup> um nánari framkvæmd þessarar greinar.

<sup>1)</sup> L. 116/2016, 5. gr.<sup>2)</sup> L. 108/2021, 19. gr.<sup>3)</sup> L. 88/2015, 4. gr.<sup>4)</sup> L. 17/2008, 5. gr.<sup>5)</sup> Rg. 808/1998, sbr. 691/2000 og 441/2001.

■ **23. gr. [Frjárhæð ellilífeyris og sveigjanleg starfslok.**

□ [Fullur ellilífeyrir skal vera 3.081.468 kr. á ári. Ellilífeyri skal lækka um 45% af tekjum lífeyrisþegans, sbr. 16. gr., uns lífeyririnn fellur niður. Ellilífeyrisþegi skal hafa 300.000 kr. almennt frítekjumark við útreikning ellilífeyris. Þá skal ellilífeyrisþegi hafa [2.400.000 kr.]<sup>1)</sup> sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna.

□ Hálfur ellilífeyrir skal vera 1.540.734 kr. á ári. Frjárhæð hálfis lífeyris skal lækka um 45% af tekjum lífeyrisþegans, sbr. 16. gr., uns lífeyririnn fellur niður. Lífeyrisþegi skal hafa 3.900.000 kr. almennt frítekjumark við útreikning hálfis elli-

lífeyris. [Þá skal lífeyrisþegi hafa 2.400.000 kr. sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna.]<sup>1)2)</sup>

□ Hafi töku ellilífeyris verið frestað, sbr. 2. mgr. 17. gr., skal fjárhæð ellilífeyris hækka hlutfallslega til frambúðar, byggt á tryggingafræðilegum grunni, reiknað frá ellilífeyrisaldri skv. 17. gr. fram til þess tíma er taka lífeyris hefst.

□ Hafi töku ellilífeyris verið flýtt, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr., skal fjárhæð ellilífeyris lækka hlutfallslega til frambúðar, byggt á tryggingafræðilegum grunni, reiknað frá þeim tíma er taka lífeyris hefst og til ellilífeyrisaldurs skv. 17. gr.

□ Þegar hálfur áunninn ellilífeyrir er greiddur skv. 4. mgr. 17. gr. skal fjárhæð hans lækka í samræmi við [4. mgr.]<sup>2)</sup> og fjárhæð hins frestaða hluta lífeyrisins hækka í samræmi við [3. mgr.]<sup>2)</sup> þessarar greinar.

□ Ráðherra skal setja reglugerð<sup>3)</sup> um einstök atriði er varða framkvæmd þessarar greinar, m.a. um breytingar á hlutfalli vegna frestunar eða flýttar töku lífeyris sem byggjast skulu á tryggingafræðilegum forsendum.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 131/2021, 19. gr. <sup>2)</sup> L. 75/2020, 2. gr. <sup>3)</sup> Rg. 1195/2017, sbr. 1239/2019, 1648/2021 og 619/2022. <sup>4)</sup> L. 116/2016, 6. gr.

#### C. Tekjur.

##### ■ 24. gr.

□ Kostnaður vegna lífeyrstrygginga almannatrygginga greiðist úr ríkissjóði, m.a. af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi.

##### ■ 25. gr.

□ Tryggingastofnun ríkisins skal ár hvert haga áætlanagerð sinni vegna útgjalda lífeyrstrygginga fyrir næsta almanaksár í samræmi við reglur fjárlagagerðar og senda [ráðherra]<sup>1)</sup> til frekari meðferðar.

□ Árleg heildarútgjöld lífeyrstrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjárlögum hvers árs.

<sup>1)</sup> L. 160/2007, 4. gr.

##### ■ 26. gr.

□ Framlag ríkissjóðs til lífeyrstrygginganna skv. 24. og 25. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum greiðslum í byrjun hvers mánaðar.

#### IV. kaffi. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 7. gr.

#### V. kaffi. [Leiðbeiningar- og upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

##### [A. Leiðbeiningar- og rannsóknarskylda.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

##### ■ [37. gr. Leiðbeiningarskylda.

□ Tryggingastofnun ríkisins skal kynna sér aðstæður umsækjenda og greiðsluþega og gera þeim grein fyrir rétti þeirra samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum er stofnunin starfar eftir, reglugerðum settum á grundvelli laganna og starfsreglum stofnunarinnar. Við meðferð máls skulu staða og réttindi umsækjanda eða greiðsluþega skoðuð heildstætt. Stofnunin skal leiðbeina umsækjanda um réttarstöðu hans, þau gögn sem þurfa að fylgja umsókn og um framhald málsins.

□ Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjendur og greiðsluþega um heimildir stofnunarinnar til vinnslu persónuupplýsinga. Skal þar koma fram frá hverjum stofnuninni er heimilt að afla upplýsinga, um hvaða upplýsingar er að ræða og í hvaða tilgangi unnið er með þær.

□ Nú varðar erindi ekki starfssvið stofnunarinnar og skal það þá framsent á réttan stað svo fljótt sem auðið er og viðkomandi leiðbeint eftir því sem unnt er.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

##### ■ [38. gr. Rannsóknarskylda.

□ Tryggingastofnun skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun um bótarétt er tekin, þar á meðal að öll nauðsynleg gögn og upplýsingar liggi fyrir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

##### [B. Upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

##### ■ [39. gr. Upplýsingaskylda umsækjenda og greiðsluþega.

□ Umsækjanda eða greiðsluþega er rétt og skylt að taka þátt í meðferð málsins, m.a. með því að koma til viðtals og veita Tryggingastofnun þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og annarra greiðslna samkvæmt lögum og endurskoðun þeirra. Þá er skylt að tilkynna um breytingar á tekjum eða öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á bætur eða greiðslur.

□ Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um maka umsækjanda eða greiðsluþega eftir því sem við getur átt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

##### ■ [40. gr. Upplýsingar um tekjur.

□ Tryggingastofnun ríkisins er heimilt . . .<sup>1)</sup> að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og greiðsluþega hjá skattfyrirvöldum og greiðslur hjá lífeyrissjóðum, Vinnu- málafastofnun og sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt.

□ Þegar um hjón er að ræða er Tryggingastofnun heimilt . . .<sup>1)</sup> að afla upplýsinga um tekjur maka og greiðslur til hans hjá framangreindum aðilum ef þær gætu haft áhrif á fjárhæð bóta. Sama gildir um tekjur sambúðarfólks sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun skv. 3. mgr. 62. gr. laga um tekjuskatt.

□ Telji umsækjandi, greiðsluþegi eða maki upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar.

□ [Tryggingastofnun ríkisins ber að upplýsa viðkomandi aðila um fyrirhugaða upplýsingaöflun skv. 1. og 2. mgr. í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2019, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

##### ■ [41. gr. Skortur á upplýsingum.

□ Ef ekki reynist unnt að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endurskoðun þeirra vegna skorts á nauðsynlegum upplýsingum sem rekja má til umsækjanda, greiðsluþega eða maka hans er Tryggingastofnun heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta þar til úr því er bætt. Tryggingastofnun skal tafarlaust gera viðkomandi viðvart ef til frestunar kemur, skora á hann að veita nauðsynlegar upplýsingar og gera honum grein fyrir afleiðingum þess ef áskorun um að veita upplýsingar er ekki sinnt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

##### ■ [42. gr. Upplýsingaskylda heilbrigðisstarfsmanna.

□ Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem bera ábyrgð á vörslu sjúkraskráa, sbr. lög um sjúkraskrár, er skylt að veita læknum og heilbrigðisstarfsmönnum Tryggingastofnunar þær upplýsingar og gögn sem stofnuninni eru nauðsynleg vegna ákvörðunar um greiðslu bóta og vegna eftirlitslutverks hennar. Þá er læknum og heilbrigðisstarfsmönnum Tryggingastofnunar heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem nauðsynlegt

er vegna eftirlits og reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á. Skoðun skal fara fram á þeim stað þar sem sjúkra- skrá er varðveitt.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

■ [43. gr. *Upplýsingaskylda annarra aðila.*

□ Skattýfirvöld, Vinnuálastofnun, Þjóðskrá Íslands, Inn- heimtustofnun sveitarfélaga, Fangelsismálastofnun, Útlend- ingastofnun, ríkislögreglustjóri, Samgöngustofa, Líffeyris- sjóðir, sjúkrastofnanir, dvalar- og hjúkrunarheimili, sveit- arfélög, Lánasjóður íslenskra námsmanna, viðurkenndar menntastofnanir innan hins almenna menntakerfis og skólar á háskólastigi skulu láta Tryggingastofnun í té upplýsingar með rafrænum hætti eða á annan hátt að því marki sem slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja lögum þessum.

□ Þá skulu Tryggingastofnun og sjúkratryggingastofnunin á sama hátt skiptast á upplýsingum um mat á örorku og öðr- um upplýsingum að því marki sem þær eru nauðsynlegar við framkvæmd laganna.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

■ [44. gr. *Upplýsingaskylda án endurgjalds.*

□ Upplýsingar og gögn sem Tryggingastofnun óskar eftir og unnt er að láta í té skulu veittar án endurgjalds, sbr. þó 20. gr. laga um [skráningu einstaklinga],<sup>1)</sup> og í því formi sem ósk- að er, enda liggi fyrir heimild um öflun þessara upplýsinga samkvæmt ákvæðum þessa kafla.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 140/2019, 25. gr. <sup>2)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

■ [45. gr. *Eftirlit og viðurlög.*

□ Tryggingastofnun skal reglubundið sannreyna réttmæti bóta, greiðslna og upplýsinga sem ákvörðun um réttindi byggist á. Stofnuninni er heimilt í þágu eftirlits að óska eftir upplýsingum og gögnum frá þeim aðilum sem taldir eru upp í 43. gr. og nauðsynleg eru til að sannreyna réttmæti ákvarðana og greiðslna.

□ Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæð- um greiðsluþega.

□ Leiki rökstuddur grunur á að bótaréttur sé ekki fyrir hendi er heimilt að fresta greiðslum tímabundið meðan mál er rann- sakað frekar og stöðva greiðslur komi í ljós að bótaréttur sé ekki fyrir hendi. Um ofgreiðslur og vangreiðslur fer skv. 55. gr.

□ Leiki rökstuddur grunur á að bætur séu greiddar á grund- velli rangra eða villandi upplýsinga frá greiðsluþega er heim- ilt að afla upplýsinga frá þriðja aðila sem ætla má að geti veitt upplýsingar er máli skipta í því skyni að leiðrétta bótagreiðsl- ur.

□ Komi í ljós að rangar, villandi eða ófullnægjandi upplýs- ingar hafi vísitandi verið veittar eða einstaklingur hafi lát- ið hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar í því skyni að njóta tryggingar eða fá óréttmætar greiðslur skal greiðsluþegi endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var að viðbættu 15% álagi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

[C. Vernd persónuupplýsinga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

■ [46. gr. *Þagnarskylda og meðferð persónuupplýsinga.*

□ [Á starfsfólki Tryggingastofnunar og umboðsskrifstofa hennar, svo og starfsfólki sjúkratryggingastofnunarinnar, hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnarsýslulaga.]<sup>1)</sup>

□ Þagnarskyldan gildir einnig um stjórn Tryggingastofnun-

ar og þá sem sinna verkefnum fyrir stofnunina en eru ekki starfsmenn hennar.

□ Við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er skal Trygg- ingastofnun gæta þess að uppfyllt séu skilyrði laga um [per- sónuvernd og vinnslu]<sup>2)</sup> persónuupplýsinga. Stofnunin skal tryggja að fyllsta öryggis sé gætt við sendingu og meðferð upplýsinga og setja skal öryggisstefnu, framkvæma áhættu- mat og gera aðrar öryggisráðstafanir til samræmis við lög um [persónuvernd og vinnslu]<sup>2)</sup> persónuupplýsinga og reglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Þá skal stofnunin jafnframt gæta ákvæða laga um sjúkkraskrár eftir því sem við á.

□ Upplýsingar sem aflað er vegna eftirlits á grundvelli ákvæða þessa kafla skal ekki varðveita lengur en nauðsyn- legt er og skal þeim eytt að lokinni tímabundinni vinnslu í þágu eftirlits.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 90/2018, 54. gr. <sup>3)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

VI. kafli. [Almenn ákvæði.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 23. gr.

■ [47. gr. *Stjórnsýslulög.*

□ Þegar teknar eru ákvarðanir um réttindi og skyldur sam- kvæmt lögum þessum gilda stjórnsýslulög nema umsækj- anda eða greiðsluþega sé veittur betri réttur samkvæmt þess- um lögum eða öðrum lögum sem við eiga. Gæta skal sam- ræmis við ákvörðun sambærilegra mála.<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 8/2014, 2. gr.

...

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 9. gr.

■ [48. gr. *Ósamrýmanleg réttindi og skörun bóta.*]<sup>1)</sup>

□ [Enginn getur samtímis notið fleiri en einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum . . . <sup>2)</sup> vegna sama at- vikis eða fyrir sama tímabil nema annað sé þar sérstaklega tekið fram. Þó getur líffeyrisþegi samhliða líffeyrisgreiðslum notið bóta og styrkja sem er ætlað að mæta útlögðum kostn- aði vegna sama atviks.

□ Eigi greiðsluþegi rétt á fleiri tegundum bóta en einni sam- kvæmt lögum þessum . . . <sup>2)</sup> sem ekki geta farið saman skal greiða honum hærri eða hæstu bæturnar.

□ Njóti einstaklingur bóta samkvæmt öðrum lögum fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar samkvæmt þessum lög- um skulu þær teljast til tekna við útreikning tekjutengdra bóta samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara.

□ . . . <sup>2)</sup><sup>1)</sup>

□ Ef elli- eða örorkulíffeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfellt á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum fellur líf- feyrir hans og bætur honum tengdar niður ef [dvölín]<sup>3)</sup> hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar er að ræða falla bætur nið- ur frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Heimilt er þó að víkja frá tímamörkum í 1. másl. þessarar málsgrein- ar ef sérstaklega stendur á og skal við mat á framlengingu á greiðslu líffeyris og bótum honum tengdum höfð hliðsjón af tekjum skv. 16. gr.

□ . . . <sup>4)</sup>

□ Sjúkrahús og stofnanir skv. 5. . . <sup>4)</sup> mgr. skulu senda Tryggingastofnun mánaðarlega upplýsingar um [dvöl].<sup>3)</sup>

□ [Þegar líffeyrir og bætur honum tengdar falla niður skv. 5. mgr. er heimilt að greiða elli- og örorkulíffeyrisþega sem dvelst á sjúkrahúsi [eða stofnun fyrir aldraða]<sup>1)</sup> hér á landi [ráðstöfunarfé]<sup>1)</sup> allt að [766.464 kr. á ári].<sup>5)</sup> Við útreikning á fjárhæð [ráðstöfunarfjár]<sup>1)</sup> skulu tekjur, [sbr. 8. tölul. 2.

gr., sbr. einnig [4. mgr.]<sup>6)</sup> 16. gr., lækka]<sup>5)</sup> [ráðstöfunarfé]<sup>1)</sup> um 65%. [Ráðstöfunarfé fellur]<sup>1)</sup> alveg niður við tekjur sem nema [1.179.180 kr.]<sup>5)</sup> á ári. . . .<sup>5)</sup>]<sup>7)</sup>

□ Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en 1.931 kr. á dag þann tíma.

□ Heimilt er að setja reglugerð<sup>8)</sup> um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 108/2021, 19. gr. <sup>3)</sup> L. 28/2012, 8. gr. <sup>4)</sup> L. 130/2015, 9. gr. <sup>5)</sup> L. 116/2016, 7. gr. <sup>6)</sup> L. 9/2017, 2. gr. sbr. og 3. gr. s.l. <sup>7)</sup> L. 17/2008, 6. gr. <sup>8)</sup> Rgl. 174/2000, Rg. 1185/2014, sbr. 453/2015, Rg. 1250/2016, Rg. 1255/2016, sbr. 1441/2022.

■ **49. gr.** [Réttarstaða sambýlisfólks.

□ Einstaklingar sem eru í óvígðri sambúð, sbr. 7. tölul. 2. gr., njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og hjón samkvæmt lögum þessum. Um fjármagnstekjur sambýlisfólks fer skv. 16. gr.

□ Sameiginleg lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 10. gr.

■ **50. gr.** [Greiðslur til þriðja aðila.

□ Ef talin er hætta á að greiðslur sem ætlaðar eru greiðsluþega eða framfæranda til framfærslu séu notaðar á þann hátt að eigi samrýmist tilgangi laga þessara er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða þær eða hluta þeirra öðrum en greiðsluþega eða framfæranda. Slíkar ákvarðanir skulu ávallt vera tímabundnar og teknar í samráði við félagsþjónustu hlutaðeigandi sveitarfélags eða [barnaverndarþjónustu]<sup>1)</sup> ef um er að ræða greiðslur vegna framfærslu barna.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2021, 44. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2015, 11. gr.

■ **51. gr.**

□ Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirætlun um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

■ **52. gr.**

□ [Sækja skal um allar bætur og greiðslur samkvæmt lögum þessum. Þó þurfa þeir sem fá greiddan örorkulífeyri ekki að sækja sérstaklega um ellilífeyri skv. 17. gr. þegar þeir ná [ellilífeyrisaldri, sbr. 17. gr.]<sup>1)</sup>

□ Umsóknir skulu vera á eyðublöðum Tryggingastofnunar eða sendar með rafrænum hætti sem stofnunin telur fullnægjandi. Við afgreiðslu umsóknar skal þess gætt að öll nauðsynleg gögn og upplýsingar liggi fyrir, sbr. 38. gr., svo unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og annarra greiðslna samkvæmt lögnum. Sérstaklega skal þess gætt að umsækjandi, sem áunnið hefur sér rétt hjá skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, hafi lagt fram umsókn um áunnin réttindi hjá viðkomandi lífeyrissjóðum og er Tryggingastofnun heimilt að fresta ákvörðun og greiðslu bóta þar til upplýsingar um það liggjá fyrir, sbr. 41. gr.

□ Við meðferð máls og afgreiðslu umsóknar er Tryggingastofnun heimilt að afla upplýsinga frá þeim aðilum sem tilgreindir eru í 43. gr. sem og skv. 4. mgr. 45. gr. sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og annarra greiðslna samkvæmt lögnum. Sama á við um nauðsynlegar upplýsingar hjá stofnunum erlendis þegar það á við.

□ Tryggingastofnun getur aflað upplýsinga skv. 3. mgr. með rafrænum hætti eða á annan hátt. Tryggja skal að upplýsingaöflun og úrvinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur til að unnt sé að framkvæma lög.

□ . . .<sup>2)</sup>]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 116/2016, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2015, 12. gr. <sup>3)</sup> L. 8/2014, 3. gr.

■ **53. gr.** [Upphaf og lok bótaréttar og greiðslufyrirkomulag.

□ Réttur til bóta stofnast frá og með þeim degi er umsækjandi telst uppfylla skilyrði til bótanna og skulu bætur reiknaðar frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi. Bætur falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.

□ Greiðslur skulu inntar af hendi fyrir fram fyrsta dag hvers mánaðar. [Bætur og greiðslur samkvæmt lögum þessum skulu greiddar inn á reikning hjá viðskiptabönkum eða sparissjóðum í eigu greiðsluþega eða umboðsmanns dánarbús.]<sup>1)</sup>

□ Heimilt er, að ósk umsækjanda eða greiðsluþega, að fresta greiðslu bóta og greiða bætur í einu lagi eftir að endanlegar upplýsingar um tekjur umsækjanda eða greiðsluþega á árinu liggjá fyrir við álagningu skattyrvalda á opinberum gjöldum.

□ Bætur skulu aldrei ákvarðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að Tryggingastofnun berst umsókn og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um bótarétt og fjárhæð bóta.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 116/2016, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2015, 13. gr.

■ **54. gr.**

□ . . .<sup>1)</sup>

□ . . .<sup>2)</sup>

□ Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 18. gr. og eru jafnframt sjúkratryggðir hér á landi [samkvæmt lögum um sjúkratryggingar].<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 14. gr. <sup>2)</sup> L. 116/2016, 10. gr. <sup>3)</sup> L. 112/2008, 57. gr.

■ **55. gr.**

□ Hafi Tryggingastofnun ríkisins eða umboð hennar . . .<sup>1)</sup> ofgreitt bótaþega bætur samkvæmt lögum þessum skal stofnunin draga ofgreiddar bætur frá bótum sem bótaþegi síðar kann að öðlast rétt til, sbr. þó 2. mgr. Einnig á Tryggingastofnun . . .<sup>1)</sup> endurkröfurétt á hendur bótaþega [eða dánarbúi hans]<sup>2)</sup> samkvæmt almennum reglum.

□ Ef tekjutengdar bætur samkvæmt lögum þessum eru ofgreiddar af Tryggingastofnun eða umboðum hennar skal það sem er ofgreitt dregið frá öðrum tekjutengdum bótum sem bótaþegi síðar öðlast rétt til. Þetta á eingöngu við ef tekjur á ársgrundvelli eru hærri en lagt var til grundvallar við útreikning bóta og ofgreiðsla stafar af því að bótaþegi hefur ekki tilkynnt Tryggingastofnun um tekjuaukninguna [eða aðrar breyttar aðstæður],<sup>2)</sup> sbr. [39. gr.]<sup>3)</sup>

□ [Ofgreiddar bætur skal að jafnaði draga frá greiðslum til bótaþega á næstu 12 mánuðum eftir að krafa stofnast. Ekki er heimilt að draga frá bótum meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþega, nema samið sé um annað, þó aldrei lægri fjárhæð en 3.000 kr., uns ofgreiðsla er endurgreidd að fullu. Hafi endurkrafa vegna ofgreiddra bóta ekki verið greidd á 12 mánuðum frá því að krafa stofnaðist skal greiða 5,5% ársvexti á eftirstöðvar kröfunnar. Heimilt er að falla frá kröfu um vexti ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi eða ef samningur um endurgreiðslu ofgreiddra bóta liggur fyrir og viðkomandi stendur við greiðsluskyldu sína samkvæmt samningnum.]<sup>2)</sup>

□ Hafi Tryggingastofnun ríkisins . . .<sup>1)</sup> vangreitt bótaþega bætur skal stofnunin greiða honum [eða dánarbúi hans]<sup>2)</sup> það sem upp á vantar. Þegar bætur eru vangreiddar skal greiða bótaþega 5,5% ársvexti á þá bótafjárhæð sem vangreidd var



og skulu þeir reiknast frá þeim degi sem skilyrði til bótanna eru uppfyllt, sbr. þó 53. gr. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar [velferðarmála, sbr. 13. gr.],<sup>1)</sup> leiðir til þess að einstaklingur á rétt á bótum en hafði fengið synjun eða lægri bæt看 hjá Tryggingastofnun ríkisins . . . ,<sup>1)</sup> sbr. þó 53. gr. Ef bæt看 eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum, sbr. [41. gr.],<sup>3)</sup> falla vextir niður.

□ . . .<sup>3)</sup>

□ [Ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um endurkröfu ofgreiddra bóta samkvæmt ákvæði þessu eru aðfararhæfar, sbr. þó [13. gr.]<sup>1)2)</sup>

□ Heimilt er að setja reglugerð<sup>4)</sup> um nánari framkvæmd greinarinnar, t.d. um innheimtu á ofgreiddum bótum, undanþágur frá innheimtu ofgreiddra bóta og afskriftir krafna.

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 15. gr. <sup>2)</sup> L. 120/2009, 7. gr. <sup>3)</sup> L. 8/2014, 5. gr. <sup>4)</sup> Rg. 598/2009, sbr. 1056/2009, 1118/2013 og 1128/2019.

#### ■ 56. gr. [Fangelsisvist.]<sup>1)</sup>

□ [Nú afplánar lífeyrisþegi refsingu í fangelsi eða kemur sér viljandi undan því að afplána refsingu og skulu þá falla niður allar bæt看 til hans, sbr. 53. gr. Sæti lífeyrisþegi gæsluvarðhaldi eða sé hann á annan hátt úrskurðaður til dvalar á stofnun skulu falla niður allar bæt看 til hans eftir fjögurra mánaða samfelld gæsluvarðhald eða dvöl. Þegar bæt看 hafa verið felldar niður er heimilt að greiða ráðstöfunarfé í samræmi við 8. mgr. 48. gr. Verði lífeyrisþegi ekki dæmdur til fangelsisvistar í kjölfar gæsluvarðhalds skulu bæt看 til hans greiddar fyrir það tímabil þegar gæsluvarðhaldsvist stóð yfir.]<sup>1)</sup>

□ Tryggingastofnunin . . .<sup>1)</sup> getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, maka hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila sem sér um að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 16. gr.

#### ■ 57. gr. [Bann við framsali og veðsetningu bótakrafna.

□ Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum og hvorki má kyrrsetja þær né gera í þeim fjárnám eða halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 17. gr.

#### ■ 58. gr. [Útflutningur og skörun bóta.

□ Greiða skal bótaþegum, búsettum í þeim ríkjum sem ríkisstjórn gerir samninga við eða ráðherra hefur samið við með stóð í 68. gr., bæt看 í samræmi við nánari ákvæði samninganna.

□ Ráðherra getur með reglugerð<sup>1)</sup> ákveðið að frá bótum, sem bótaþegi á rétt á hér á landi, dragist bæt看 sem hann fær samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bæt看 eru greiddar fyrir hér á landi.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 463/1999. <sup>2)</sup> L. 88/2015, 18. gr.

#### ■ 59.–62. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 19. gr.

#### ■ 63. gr.

□ Hver sá sem fær úrskurð stjórnvalds um meðlag með barni sem hann hefur á framfæri sínu, eða um aðrar greiðslur skv. IX. kafla barnalaga, nr. 76/2003, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið fyrirframgreiðslu meðlags eða annarra framfærsluframlaga samkvæmt úrskurðinum. Sama skal gilda þegar lagt er fram staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur og aðrar greiðslur skv. IX. kafla barnalaga. Fyrirframgreiðsla meðlags frá Tryggingastofnun skal ávallt vera innan þeirra marka sem 20. gr. laga þessara setur um fjárhæð greiðslna og aldur barna.

□ Á sama hátt skal barnsmóðir fá samkvæmt stjórnvaldsúr-

skurði eða staðfestu samkomulagi greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

a. Framfærslulífeyri í allt að þrjú mánuði skv. 1. mgr. 25. gr. barnalaga.

b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að níu mánuði skv. 2. mgr. 25. gr. barnalaga.

c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 1. mgr. 26. gr. barnalaga.

□ Þegar eftir að sýslumaður hefur veitt viðtöku ósk frá móður um að aflað verði faðernisviðurkenningar hjá lýstum barnsföður getur hún fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka er 20. gr. þessara laga setur.

□ Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar sem stjórnvaldsúrskurður, staðfestur samningur eða vottorð sýslumanns um að hann hafi veitt viðtöku ósk móður um öflun faðernisviðurkenningar berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 20. gr. ekki við.

□ Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærsluveit barnsins hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri eftir því sem við getur átt.

□ Heimilt er að setja reglugerð<sup>1)</sup> um framkvæmd þessarar greinar þar sem m.a. er kveðið á um fyrirframgreiðslu meðlags þegar foreldri eða börn eru búsett erlendis og um hámarksgreiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi.

<sup>1)</sup> Rg. 945/2009, sbr. 250/2012, 673/2012 og 1315/2013.

#### ■ 64. gr.

□ Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 63. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

□ Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.–3. mgr. 63. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

□ Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 4. mgr. 63. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

□ Þegar svo háttar til að Tryggingastofnun hefur milligöngu um meðlagsgreiðslur með barni skv. 1. mgr. 63. gr. og hið meðlagsskylda foreldri öðlast rétt til barnalífeyris skv. 20. gr. vegna barnsins er stofnuninni þó heimilt að láta greiðslu barnalífeyris ganga til fyrirframgreiðslu meðlags vegna sama tímabils. Verður þá ekki um kröfu á hendur meðlagsskyldum aðila að ræða fyrir það tímabil.

#### ■ 65.–67. gr. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 19. gr.

#### ■ 68. gr. [Milliríkjasamningar.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að semja við erlend ríki um gagnkvæm réttindi og skyldur samkvæmt lögum þessum og ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir í samningsríkjum um nánari framkvæmd slíkra samninga. Í þeim má m.a. veita undanþágur frá ákvæðum laganna og heimila takmarkanir á beitingu þeirra.

□ Í samningum skv. 1. mgr. má m.a. kveða á um að búsetu-, atvinnu- eða tryggingatímabil í öðru samningsríki skuli talin jafngilda búsetutíma á Íslandi. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um rétt til bótageiðslna við búsetu í öðru samningsríki, jafnræði við málsmeðferð, skörun bóta og hvaða löggjöf skuli beita. Í samningum skv. 1. mgr. er enn fremur

heimilt að semja um fyrirframgreiðslu meðlags milli samningsríkja, sbr. 63. gr., eins og um bæt看 almannatrygginga væri að ræða.

□ Við framkvæmd laga þessara skal tekið tillit til milliríkjasamninga á sviði almannatrygginga og félagsmála sem Ísland er aðili að.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2015, 20. gr.

#### ■ 69. gr.

□ Bæt看 almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

#### ■ 70. gr. [Reglugerðarheimild.

□ Ráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara í reglugerðum.<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> Rgl. 374/1996. Rg. 808/1998, sbr. 691/2000 og 441/2001. Rg. 379/1999. Rg. 463/1999, sbr. 1158/2007. Rg. 245/2002. Rg. 1190/2008, sbr. 633/2009. Rg. 1191/2008. Rg. 598/2009, sbr. 1056/2009, 1118/2013 og 1128/2019. Rg. 945/2009, sbr. 250/2012, 673/2012 og 1315/2013. Rg. 1055/2009. Rg. 1057/2009. Rg. 661/2010. Rg. 570/2011. Rg. 1185/2014, sbr. 453/2015. Rg. 960/2015. Rg. 1255/2016, sbr. 1441/2022. Rg. 1195/2017, sbr. 1239/2019, 843/2020, 1648/2021 og 619/2022. Rg. 1200/2018, sbr. 1337/2020, 708/2021, 429/2022 og 618/2022. Rg. 661/2020, sbr. 887/2021. Rg. 995/2021. Rg. 1420/2022. Rg. 1438/2022. Rg. 1439/2022. Rg. 1440/2022. <sup>2)</sup> L. 88/2015, 21. gr.

#### ■ [71. gr. Innleiðing EES-reglugerða.

□ Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð<sup>1)</sup> almannatryggingareglur Evrópusambandsins eins og þær eru felldar inn í viðauka VI við samninginn um Evrópska efnahags-svæðið, sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum, sbr. einnig ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011 sem fellir undir samninginn reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004, um samræmingu almannatryggingakerfa, með síðari breytingum, og nr. 987/2009 um framkvæmd hennar. Reglugerðir Evrópusambandsins, sem teknar verða upp í samninginn og fela í sér breytingar eða viðbætur við þær reglugerðir, er einnig heimilt að innleiða með reglugerð. Sama á við um almannatryggingareglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 442/2012. Rg. 860/2012. Rg. 617/2013. Rg. 1098/2013. Rg. 286/2019. Rg. 761/2019. <sup>2)</sup> L. 88/2015, 22. gr.

#### ■ Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þeir sem ákvæðið hafa frestun ellilífeyris fyrir 1. janúar 1992, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, skulu halda rétti sínum. Tryggingastofnun ríkisins skal breyta fjárhæðum vegna frestunarinnar til samræmis við breytingar sem verða á fjárhæðum almannatrygginga hverju sinni. Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, fyrir 1. janúar 1992 og lætur eftir sig maka á lífi og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin lífeyri eiga rétt á þeirri hækkun sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar.

2. Ákvæði 1. gr. laga nr. 62/1999 gilda um þá einstaklinga sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku þeirra en ekki um þá sem metnir höfðu verið til örorku samkvæmt ákvæðum eldri laga, nema þeir sækja sérstaklega um það.

3. Sjúklingar sem áttu rétt til bóta skv. f-lið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 117/1993 fyrir 1. janúar 2001 skulu halda rétti sínum skv. III. kafla þeirra laga.

4. Í ákvæðum 3. másl. b-liðar og d-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skulu hlutföllin 75% og 25% vera 65% og 35% á árinu 2007.

5. Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skulu lífeyrisgreiðslur lífeyrisþega hafa 80% vægi og lífeyris-

greiðslur makans hafa 20% vægi við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar á árinu 2007.

6. Þrátt fyrir ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 22. gr. laganna skal skerðingarhlutfallið vera 39,95% á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2007.

7. Þrátt fyrir ákvæði 69. gr. laganna skulu elli- og örorkulífeyrir og tekjutrygging skv. 17., 18. og 22. gr. laganna hækka um 2,9% á árinu 2007 í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við Landssamband eldri borgara frá 19. júlí 2006.

8. Á tímabilinu 1. janúar 2007 til og með 31. desember 2008 er hægt að óska eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins að gerður verði samanburður á útreikningi elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar fyrir og eftir gildistöku þessara laga. Ef samanburðurinn leiðir til hærri bóta samkvæmt eldri lögum skal stofnunin greiða hærri bæturnar á því tímabili.

[9. ...<sup>1)</sup>]<sup>2)</sup>

[10. ...<sup>3)</sup>]<sup>4)</sup>

[11. Þrátt fyrir ákvæði 3. másl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skal örorkulífeyrisþegi á tímabilinu 1. júlí 2009 til 1. janúar 2010 hafa 109.600 kr. frítekjumark á mánuði vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar.]<sup>5)</sup>

[12. Þrátt fyrir ákvæði 2. másl. 69. gr. laganna skulu bæt看 almannatrygginga, sem og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., hækka um 9,6% á árinu 2009.]<sup>3)</sup>

[13. Þrátt fyrir ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 22. gr. laganna skal skerðingarhlutfallið vera 45% á tímabilinu 1. júlí 2009 til og með 31. desember 2013.]<sup>6)</sup>

[14. Þrátt fyrir ákvæði [2. másl.]<sup>7)</sup> b-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skal örorkulífeyrisþegi á tímabilinu [1. janúar 2023 til og með 31. desember 2023 hafa 2.400.000 kr. frítekjumark]<sup>8)</sup> vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar.

15. Þrátt fyrir ákvæði 69. gr. laganna skulu bæt看 almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63. gr. og fjárhæðir skv. 22. gr., ekki breytast á árinu [2011].<sup>9)</sup> [Þó er ráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að breyta þessum fjárhæðum til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Þegar áðurgreind skilyrði leiða til hækkunar skal ráðherra breyta þeim með reglugerð.]<sup>10)11)12)</sup>

[16. Þrátt fyrir ákvæði 16., 18., 19., 21. og 22. gr. skulu greiðslur örorkulífeyris, örorkustyrks, aldurstengdrar örorkuuppbótar og tekjutryggingar ekki lækka á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013 vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum.]<sup>13)</sup>

[17. Þrátt fyrir ákvæði 69. gr. laganna skulu bæt看 almannatrygginga, sem og greiðslur skv. 63. gr., hækka um 3,5% á árinu 2012. Fjárhæðir frítekjumarka skv. 16.–18. gr., 21.–22. gr. og 48. gr. skulu þó ekki breytast á árinu 2012.]<sup>14)</sup>

[18. [Við útreikning tekjutryggingar þeirra örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem fá greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum skal á tímabilinu 1. janúar [2023]<sup>15)</sup> til og með 31. desember [2023]<sup>15)</sup> gera samanburð á útreikningi tekjutryggingar annars vegar samkvæmt þeim reglum sem gilda á árinu [2023]<sup>15)</sup> og hins vegar þeim reglum sem voru í gildi á árinu 2013 auk [68,74%]<sup>15)</sup> hækkunar og að teknu tilliti til þess tekjumarks sem myndast hefur við framkvæmd 16. tölul. ákvæðis þessa. ...<sup>16)17)</sup> Beita skal þeirri reglu sem leiðir til hærri greiðslna.]<sup>18)</sup>

[19. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 17. gr. gildir heimild til að fresta töku ellilífeyris til allt að 80 ára aldurs aðeins um þá sem fæddir eru árið 1952 eða síðar. Þeir sem fæddir eru árið

1951 eða fyrr hafa heimild til að fresta töku ellilífeyris til 72 ára aldurs samkvæmt þeim reglum sem voru í gildi fram að gildistöku laga þessara.

20. Þrátt fyrir 2. mgr. 23. gr. skal fjárhæð ellilífeyris á árinu 2017 hækka um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku ellilífeyris er frestað.

21. Þrátt fyrir 3. mgr. 23. gr. skal fjárhæð ellilífeyris á árinu 2017 lækka um 0,5% fyrir hvern mánuð sem greiddur er fyrir ellilífeyrisaldur skv. 17. gr.

22. Við útreikning ellilífeyris skal Tryggingastofnun gera samanburð á útreikningi greiðslna til þeirra ellilífeyrisþega sem fá greiddan ellilífeyri við gildistöku laga þessara. Skal stofnunin bera saman annars vegar ellilífeyri, tekjutryggingu, heimilissuppbót og sérstaka uppbót á lífeyri vegna framfærslu ellilífeyrisþega, samkvæmt þeim reglum sem voru í gildi á árinu 2016, uppreiknað samkvæmt raungildi hvers ár, og hins vegar ellilífeyri og heimilissuppbót samkvæmt þeim reglum sem gilda frá 1. janúar 2017. Leiði samanburðurinn til hærri bóta samkvæmt eldri ákvæðum laganna skal stofnunin greiða mismuninn með þeim hætti að séu heildartekjur ellilífeyrisþega, sbr. 8. tölul. 2. gr., sbr. einnig 3. mgr. 16. gr., 100.000 kr. á mánuði eða lægri skal greiða mismuninn að fullu. Greiðslufjárhæðin skal lækka um 1% fyrir hverjar 1.000 kr. umfram það uns hún fellur niður þegar heildartekjur lífeyrisþega nema 200.000 kr. á mánuði.<sup>19)</sup>

[23. Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar sem eiga rétt á desemberuppbót á árinu 2019, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um eingreiðslur til lífeyrisþega árið 2019, nr. 1199/2018, skulu til viðbótar við hana eiga rétt á eingreiðslu að fjárhæð 10.000 kr. Eingreiðsla þessi skal ekki teljast til tekna greiðsluþega og ekki leiða til skerðingar annarra greiðslna. Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd þessa ákvæðis.

[Þeir sem áttu rétt á greiðslu skv. 1. mgr. skulu eiga rétt á eingreiðslu að fjárhæð 20.000 kr. sem greiðist eigi síðar en 1. júní 2020. Um greiðsluna gildir að öðru leyti ákvæði 1. mgr. [Sama gildir um örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem ekki áttu rétt á desemberuppbót 2019 en eiga rétt á orlofsuppbót á árinu 2020, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um eingreiðslur til lífeyrisþega árið 2020, nr. 1124/2019.]<sup>20)</sup><sup>21)</sup><sup>22)</sup>

[24. Þeir sem eiga rétt á greiðslu örorkulífeyris skv. 18. gr., slysaörorkulífeyris skv. 12. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, eða endurhæfingarlífeyris skv. 7. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, á árinu 2020 skulu fá eingreiðslu að fjárhæð 50.000 kr. Hafi lífeyrisþegi fengið greiddar bætur hluta úr ári skal eingreiðslan vera í hlutfalli við greiðsluréttindi hans á árinu. Eingreiðsla þessi, sem greiðist eigi síðar en 31. desember 2020, skal ekki teljast til tekna greiðsluþega og ekki leiða til skerðingar annarra greiðslna.]<sup>23)</sup>

[25. Þeir sem eiga rétt á greiðslu örorkulífeyris skv. 18. gr., slysaörorkulífeyris skv. 12. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, eða endurhæfingarlífeyris skv. 7. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, á árinu 2021 skulu fá eingreiðslu að fjárhæð 53.100 kr. Hafi lífeyrisþegi fengið greiddar bætur hluta úr ári skal eingreiðslan vera í hlutfalli við greiðsluréttindi hans á árinu. Eingreiðsla þessi, sem skal innt af hendi eigi síðar en 31. desember 2021, skal ekki teljast til tekna greiðsluþega og ekki leiða til skerðingar annarra greiðslna.

26. Þeir sem fá eftirstöðvar bóta greiddar sem eingreiðslu frá sjúkratryggingastofnuninni samkvæmt lögum um slysa-

tryggingar almannatrygginga og hafa áður fengið mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli 75% slysaörorkumats skulu eiga rétt á að frá sama tíma breytist 75% slysaörorkumat þeirra í 75% örorkumat skv. 18. gr. án sérstakrar umsóknar, að því gefnu að skilyrði 18. gr. séu uppfyllt. Jafnframt skulu þeir eftir því sem við á eiga rétt á öðrum tengdum greiðslum samkvæmt lögnum og lögum um félagslega aðstoð.

Þeir sem fá eftirstöðvar bóta greiddar í einu lagi frá sjúkratryggingastofnuninni samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga og hafa fengið mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli 50–74% slysaörorkumats og til viðbótar einnig fengið greiðslur á grundvelli 75% örorkumats skv. 18. gr. skulu frá sama tíma fá óskertar þær örorkulífeyrisgreiðslur skv. 18. gr. sem þeir eiga rétt á vegna 75% örorkumats samkvæmt þeirri grein. Jafnframt skulu þeir eftir því sem við á eiga rétt á öðrum tengdum greiðslum samkvæmt lögnum og lögum um félagslega aðstoð.

Þeir sem fá eftirstöðvar bóta greiddar sem eingreiðslu frá sjúkratryggingastofnuninni samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga og hafa fengið mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli 50–74% slysaörorkumats án þess að vera jafnframt metnir til 75% örorku skv. 18. gr. eiga ekki rétt á áframhaldandi greiðslum nema þeir sæki um og fái samþykkt örorkumat skv. 18. eða 19. gr.

Skerðing örorkugreiðslna skv. 18. eða 19. gr. vegna eingreiðslu vegna slysaörorkumats sem er undir 50% samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga skal falla niður frá 1. janúar 2022.

Þeir sem hafa fengið mánaðarlega greiðslu barnalífeyris samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatrygginga fá áframhaldandi barnalífeyri greiddan án sérstakrar umsóknar ef skilyrði 20. gr. eru uppfyllt.]<sup>7)</sup>

[27. Þrátt fyrir ákvæði 69. gr. laganna skulu bætur samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 1. mgr. 14. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, hækka um 3,0% frá 1. júní 2022. Greiðslur komi til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2022.]<sup>24)</sup>

[28. Þeir sem eiga rétt á greiðslu örorkulífeyris skv. 18. gr. eða endurhæfingarlífeyris skv. 7. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, á árinu 2022 skulu fá eingreiðslu að fjárhæð 60.300 kr. Hafi lífeyrisþegi fengið greiddar bætur hluta úr ári skal eingreiðslan vera í hlutfalli við greiðsluréttindi hans á árinu. Eingreiðsla þessi, sem skal innt af hendi eigi síðar en 31. desember 2022, skal ekki teljast til tekna greiðsluþega og ekki leiða til skerðingar annarra greiðslna.]<sup>25)</sup>

[29. Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 2. mgr. 16. gr., sbr. 1. másl. 4. mgr. þeirrar greinar, skal séreign, sem myndast hefur af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóðs skv. 1. mgr. 2. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða hjá einstaklingi sem hefur hafid töku lífeyris samkvæmt lögum þessum fyrir 1. janúar 2023, ekki koma til lækkunar við ákvörðun um ellilífeyri, tekjutryggingu og ráðstöfunarfé.]<sup>26)</sup>

<sup>1)</sup> L. 112/2008, 57. gr. <sup>2)</sup> L. 160/2007, 10. gr. <sup>3)</sup> L. 173/2008, 15. gr. <sup>4)</sup> L. 17/2008, 7. gr. <sup>5)</sup> L. 70/2009, 15. gr. <sup>6)</sup> L. 70/2009, brbákv. V. <sup>7)</sup> L. 131/2021, 20. gr. <sup>8)</sup> L. 123/2022, 2. gr. <sup>9)</sup> L. 164/2010, 27. gr. <sup>10)</sup> Rg. 1052/2009, sbr. 569/2011 og 1231/2011. Rg. 570/2011. Rg. 1232/2011. <sup>11)</sup> L. 51/2011, 1. gr. <sup>12)</sup> L. 120/2009, 8. gr. <sup>13)</sup> L. 106/2011, 1. gr. <sup>14)</sup> L. 178/2011, 2. gr. <sup>15)</sup> L. 129/2022, 18. gr. <sup>16)</sup> L. 126/2016, 25. gr. <sup>17)</sup> L. 125/2015, 51. gr. <sup>18)</sup> L. 137/2014, 1. gr. <sup>19)</sup> L. 116/2016, 11. gr. <sup>20)</sup> L. 37/2020, 11. gr. <sup>21)</sup> L. 25/2020, 21. gr. <sup>22)</sup> L. 135/2019, 16. gr. <sup>23)</sup> L. 127/2020, 2. gr. <sup>24)</sup> L. 27/2022, 2. gr. <sup>25)</sup> L. 122/2022, 1. gr. <sup>26)</sup> L. 55/2022, 13. gr.